

# Fundargerð 977. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 11. apríl kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Hjálmar Sveinsson, Einar Brandsson, Freyr Antonsson, Kjartan Magnússon, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Anna Sigríður Guðnadóttir og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Inga Rún Ólafsdóttir formaður samninganefndar sveitarfélaga, Valgerður Rún Benediktsdóttir yfirlögfræðingur, Grétar Sveinn Theodórsson samskiptastjóri, Þórdís Sveinsdóttir sviðsstjóri og Helga María Pálsdóttir sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Kjartan Magnússon mætti í hennar stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Stýrihópur um eftirlitskerfi með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum - 2404009SA**

Tekið fyrir að nýju áður á dagskrá stjórnar Sambandsins 14. mars 2025.

*Stjórn felur yfirlögfræðingi Sambandsins að fylgja málinu eftir í samræmi við umræður á fundinum.*

**2. Drög að umsögn um frumvarp til laga um samning SP um réttindi fatlaðs fólks - 2503034SA**

Lögð fram drög að umsögn Sambandsins til utanríkismálanefndar Alþingis, dags. 26. mars 2025, um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 187. mál.

Fundi var slitið kl. 09:00